

FRUMVARP TIL LAGA UM VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

MINNISPUNKTAR EFTIR FUND MEÐ ALLSHERJAR- OG MENNTAMÁLANEFND ALÞINGIS 12.5.15

Markmiðið með frumvarpi til laga um verndarsvæði í byggð er að hefja til vegs og virðingar svæði í þéttbýli og byggðakjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Með frumvarpinu er horft til verndarsvæða þar sem byggingar frá öllum tímabilum eru jafnrétt háar. Lögð er áhersla á að heildarsvipmót haldist og að menningarsögulegt gildi svæða sé varðveitt. Verndarsvæði í byggð taka ekki einungis til mælikvarða og stíls þeirra bygginga sem á svæðinu eru heldur eru lagðar línur varðandi liti húsa, grindverk, hlið, glugga og annað slíkt sem hefur áhrif á heildarásýnd byggðar. Umhverfi bygginga skiptir einnig miklu máli þ.e varðveisla menningarlandslags með þeim manngerðu og náttúrulegu þáttum sem móta ásýnd hvers svæðis fyrir sig.

Markmið frumvarpsins endurspeglar nýja hugsun í byggðavernd þar sem áherslan er ekki á einstök hús heldur samhengi þeirra, heildir og götummyndir. Þrátt fyrir gott framtak einstaka sveitarfélaga í verndun heilda og götummynda eru Íslendingar enn aftarlega á merinni í þessum efnum í samanburði við önnur nálæg lönd, t.d. Norðurlönd og Færeyjar. Víða er lítill skilningur á verndun byggðar og í hverju slík hún felst. Standa þarf vörð um samhengið í byggðinni svo gömlu húsin verði ekki dapurlegur minnisvarði á milli hárra nýbygginga. Betur þarf að huga að handbragði við viðgerðir og viðhald á gömlum húsum ef varðveita á sögulegt svipmót.

Heildstætt svipmót byggðar skapar fegurð og það hefur sýnt sig að fólk sækist í að heimsækja þau svæði á Íslandi þar sem fallegar byggingaheildir er að finna. Slíkt aðdráttarafl eflir jákvæða sýn á svæðið, gestum fjölgar og tækifæri í ferðapjónustu og menningarstarfsemi aukast. Að sama skapi fjölgar þeim ferðamönnum sem kjósa að dvelja á staðnum og fleira fólk kys að setjast þar að. Útnefning verndarsvæða í byggð er jákvætt skref í þágu sjálfbærrar ferðapjónustu sem stuðlað getur að markvissari dreifingu ferðafólks frá áfangastöðum þar sem álag er of mikið. Í dreifbýli geta slík verndarsvæði t.a.m. tengst varðveislubúsetulandslags og hagnýtingu eyðibýla í þágu menningartengdrar ferðapjónustu.

Lykilspurning

Er þörf á nýjum lagabálki eða er hægt að ná fram markmiðum frumvarpsins með breytingum á núgildandi skipulagslögum og lögum um menningarminjar ?

1. Friðlýsing sk. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Ráðherra getur, í samráði við Minjastofnun, beitt sér fyrir friðlýsingu ákveðinna svæða og menningarminja sk. V. kafla laga um menningarminjar. Ákvörðun um friðlýsingu er tekin af ráðherra á grundvelli rökstuddrar tillögu Minjastofnunar, að undangengnu lögboðnu

athugasemdaferli og samráði við viðkomandi sveitarfélög. Friðlýsing er æðsta stig verndunar. Hún getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsts mannvirkis, samstæðu húsa eða samfellds svæðis þar sem eru fleiri en einn minjastaður hefur menningarsögulegt gildi. Í þeim flokki eru minjar sem eru sérstaklega mikilvægar fyrir þjóðina (þjóðminjar) og mikill (óbætanlegur) skaði yrði af ef þær eyðilegðust. Friðlýsing er þinglýst kvöð á viðkomandi eignir.

Öllum er í reynd frjálst að senda tillögur um friðlýsingu einstakra svæða og mannvirkja til Minjastofnunar, sem leggur mat á varðveislugildi viðkomandi minja á grundvelli ráðgefandi álits fagnefnda. Ferli friðlýsinga er eðli máls samkvæmt tímafrekt og flókið og ekki gefið að það byggðasvæði sem sótt er um friðlýsingu nái því að teljast þjóðminjar, enda þótt tiltekin heildarásynd þess kunni að hafa mikið gildi fyrir umhverfið á viðkomandi stað og íbúa þess.

2. Hverfisvernd sk. skipulagslögum nr. 123/2010.

Í skipulagslögum er ákvæði um hverfisvernd í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja. Hverfisvernd er leið sveitarfélaga til þess að koma á svæðisbundinni verndun í tengslum við gerð skipulagsáætlana. Hverfisvernd er nú þegar hluti af mörgum gildandi skipulagsáætlunum. Skipulagsyfirvöldum er skylt að tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Almennur eða íbúar á einstökum svæðum hafa ekki beina aðkomu að hverfisvernd á grundvelli skipulagslaga, ef frá er talið lögbundið athugasemdaferli. Óskir hóps íbúa eða áhugafólks um skilgreiningu tiltekins svæðis sem verndarsvæðis þurfa ekki nauðsynlega að falla að skipulagsstefnu eða hagsmunum viðkomandi sveitarstjórnar.

3. Verndarsvæði í byggð.

Í Bretlandi t.d. eiga íbúar og áhugafólk í grasrótinni frumkvæði að tillögum um afmörkun og skilgreiningu verndarsvæða í byggð (e: conservation area). Þannig myndast farvegur fyrir virka þátttöku almennings í því að móta og vernda svipmót og útlitseinkenni síns nánasta umhverfis, þar sem mögulega er gengið lengra í ýmsum ákvæðum en unnt er með hverfisvernd.

Verndarsvæði í byggð má vel hugsa sér sem millistig friðlýsingar og hverfisverndar. Úrræðið sem slíkt er mikilvæg leið til þess m.a. að skapa auðveldari farveg fyrir frumkvæði úr grasrótinni, frá íbúum, stofnunum og landeigendum sem tryggja vilja verndun síns nánasta umhverfis. Slíkt úrræði er ekki í boði í núgildandi lagasetningu. Sem valkost við sjálfstæða lagasetningu mætti mögulega bæta inn kafla í lög um menningarminjar þar sem verndarsvæði í byggð væri skilgreint sem sérstakt verndunarúrræði.

Ábendingar

Endurskoða má ákvæði 4. greinar, um ákvörðun um verndarsvæði í byggð, þannig að lagasetningin virki ekki sem „valdboð að ofan“ heldur sem nýtt úrræði til styrkingar þeim tveim kostum sem fyrir eru. Ennfremur er mikilvægt að samhæfa lagasetninguna betur við gildandi skipulagslög, þannig að hugmyndin um verndarsvæði í byggð komi ekki í stað hverfisverndar í skipulagsáætlunum. Með slíkri breytingu mætti tryggja betri sátt um tillöguna.

Frá sjónarhóli minjavörslu er óheppilegt að fella brott 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga, eins og lagt er til í 12. gr. frumvarpsins. Þar sem segir m.a.: „*Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar*“. Húsakannanir eru mikilvæg forsenda varðveislumats og faglegrar ákvarðanatöku um skipulag í eldri hverfum og á svæðum með menningarminjum.

Virðingarfyllst,

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður

Pétur H. Ármannsson sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands

Samrit : Forsætisráðuneytið